

ANTIKVA EHF 2018

Fornleifaskráning v. Deiliskipulags Holtstúns

Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Skólavegur [454] heim að Bessastöðum.

Forsíðumynd: Garður [445] sem er rétt austan við Tjörn.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir og Jakob Sindri Þórsson

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-9222-5-0

Inga Sóley Kristjónudóttir tók ljósmyndir í ritinu nema annað sé tekið fram.

@ Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Ljósmyndaskrá	5
Inngangur	6
Fornleifaskráningar	7
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	10
Jarðarnúmer	10
Tegund, hlutverk og heiti	11
Staðsetning	12
Staðhættir og lýsing	12
Hættumat	12
Mótvægisaðgerðir	13
Fornleifar á svæðinu	13
Glerhallardý vatnsból [309] heimild	13
Rétt [421] heimild	13
Útihús [422] tóft og [839] heimild	13
Óþekkt - brunnur [423] hleðsla	14
Mógrafir [428] heimild	14
Garður [445] garðlag	15
Garður [453] garðlag	16

Skólavegur [454] gata leið.....	16
Vörðurnar [468] heimild.....	17
Girðing [702] landamerki	17
Hús – sumarbústaður [721-722-723] grunnar – hleðslur – dæld.....	17
Stekkur [737] hleðslur	17
Óþekkt [727-729-731] þústir	18
Útihús – hæsnahús [726] tóft.....	19
Óþekkt [732-735-736] þústir	19
Óþekkt [739] þúst	20
Samantekt og niðurstöður.....	21
Heimildir	22
Árnastofnun – Örnefnasafn	22

Ljósmyndaskrá

Mynd 1 Skólavegur [454] heim að Bessastöðum.....	2
Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.10	
Mynd 3 Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.	11
Mynd 4 Sennilega brunnur í Hestamýri [423].	14
Mynd 5 Garður [445] horft að Tjörn	15
Mynd 6 Skólavegur [454], loftmyndin sýnir best varðveita hlutann af leiðinni.	16
Mynd 7 Leifar af Stekk [737].....	18
Mynd 8 Þúst [732].....	19
Mynd 9 Þúst [735], birkihríslur allt í kring og þýft.....	20
Mynd 10 Þúst [793] við lóð Asparvíkur.....	20

Inngangur

Að beiðni Arinbjörns Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar á Norðurnesi á Álftanesi vegna deiliskipulags Holtstúns, sem er unnið af arkitektum hjá Landslagi ehf.

Í þessari skýrslu er aðeins fjallað um minjar innan deiliskipulagsreitsins og ekki skráð fyrir utan það nema um sé að ræða minjaheildir. Svæðið er vestan við Norðurnesveg, rétt norðan við Holtstúnsveg og Stekk að Bessastaðatjörn austan megin og suður fyrir Eyvindaholt og Tjörn.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, s.s. hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Á umræddu svæði er ekki að finna margar fornleifar. Flestar eru frá seinni tíma, s.s. Stekkjarleifar, Skólavegurinn, garðlag og þústir sem virðast vera manngerðar en ekki var hægt að greina frekar. Yngri minjar, sem ekki eru friðaðar, voru skráðar því að oft má finna eldri minjar undir. Merkilegustu minjarnar á svæðinu eru Skólavegurinn og garður sem stendur að hluta úti í Bessastaðatjörn, að mati skýrsluhöfundar. Vegurinn sést ekki lengur innan deiliskipulagsreitsins en er vel greinilegur sunnan við reitinn.

Skýrsluhöfundur og Inga Sóley Kristjónudóttir fornleifafræðingur önnuðust vettvangsvinnu, sem fór fram dagana 9. og 10. september 2018, og heimildaöflun. Margrét Valmundsdóttir fornleifafræðingur annaðist kortavinnu. Jakob Sindri Þórsson sá um yfirlestur. Þeim og öðrum, sem veittu aðstoð við gerð þessarar fornleifaskráningar, er þökkun aðstoðin. Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráningar

Engar eldri fornleifaskráningar er að finna sem ná yfir allt skráningarsvæðið en lítill hluti af svæðinu var skráður af Guðrúnu Öldu Gísladóttur árið 2004 og er að finna í skýrslunni *Deiliskráning í Bessastaðahreppi: Fornleifaskráning á völdum aðalskipulagsreitum*. Einnig skráðu Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir, vegna svæðisskipulags, menningarminjar í Bessastaðahreppi árið 2004.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskonun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megji víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við

allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.



Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifarnar færðar undir jörðina Eyvindastaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig, ljósmyndir voru teknar af þeim öllum og sumar mældar upp. Jafnframt voru gerð kort af stöðunum. Minjar á svæðinu voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á t.d. „Skólavegur [454]” eða hlutverki þeirra t.d. „Rétt [421]”. Hjá sumum minjum er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ. Þessi númer fylgja öll í meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum.

454, Skólavegur, Árkeologískt objekt

Attribute	Value
Name	Skólavegur
Class	Árkeologískt objekt
Gömul númer	GK-210:010
Sérheiti	Skólavegur
Bæjarnafn	Eyvindarstaðir
Jarðatal Johnsen	210
Flokkun	Samgönguminjar
Tegund	Gata
Leið	
Lengd	350 meter
Breidd	5 meter
Hæð	0,2 metrar
Athugasemdir	Upphlaðin vegur, víða sést grjót í köntum
Umhverfi	Mói, þýft grasið gróið móasvæði
Adalsvæði	Álftanes
Svæði	Miðnes
Túnakort	<None>
Heimildir	
Örnefnaskrá	Örnefnaskrá Eyvindastaða 1
Aldur	1500-1900
Skráning	RT-ISK
Mæling	Uppmæling
Ár	2018
Dagur	11.09.2018
Horfin	Að hluta
Horfin_astæða	Vegna ræktunar
Hættumat	Engin hættu
Hættuorso	<None>
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
GPS hnit Norður	6406427
GPS hnit Vestur	2200087

Mynd 3 Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.d. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Stekkur [737], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna eða horfið vegna framkvæmda. Við skipulag framkvæmda er nauðsynlegt að taka tillit til heimilda því að fornleifar geta leynst undir sverðinum.

Mótvægisaðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisaðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

Fornleifar á svæðinu

Glerhallardý vatnsból [309]heimild

Í örnefnaskrá Eyvindastaða segir: „Í nyrzta hluta Beitolandsins að Breiðaskurði; þar í er Glerhallardý, gott vatnsból, sem notað var í mörg ár fyrir allt Eyvindarstaðahverfið, svo og Landakot, allt til ársins 1972, þegar vatnsveita var lögð um alla sveitina. Ennfremur nyrzti hluti mýrarinnar (Breiðumýrar) að landi Landakots að norðan og Rimans að austan“.¹

Glerhallardý dregur nafn sitt af þurrabúðinni Glerhöll, sem stóð á Glerhallarhól, rétt fyrir vestan húsið á Norður-Eyvindarstöðum. Í örnefnaskrá segir að þar hafi búið gullsmiður, og hafi hann þurft góða birtu við vinnu sína og setti því fjórar rúður í gluggann. Þótti það fordild mikil og nefndu gárungarnir kotið Glerhöll.

Rétt [421] heimild

Í örnefnaskrá sem hefur eftir Dægradvöl Benedikts Gröndal segir: „Réttin er í þessu landi og var hún notuð til þess að geyma þar hesta um nætur meðan tún voru ógirt. Þar sem réttin var stendur nú spennistöð rafveitunnar. Þarna mátti sjá hestasteina með krókum í til skamms tíma og e.t.v. má finna einhverja þeirra enn.“² Ekki sést til neinna fornleifa á vettvangi.

Útihús [422] tóft og [839] heimild

Á örnefna- og staðhátakorti sem Kristján Eiríksson gerði 1976-1977 eftir örnefnalýsingum³ má sjá hús [839], sennilega útihús. Ekki sést neitt á vettvangi miðað við staðsetningu á korti en rétt norðvestan við eru tóftarbrot [422] sem hugsanlega eru leifar af húsi [839].

¹ Ö-Eyvindastaðir 1.

² Ö-Eyvindarstaðir 4.

³ Anna Ólafsdóttir Björnsson 34-35.

Óþekkt - brunnur [423] hleðsla

Þar sem Skólavegur [454] hættir að vera greinilegur vestast, er smáhóll í móanum sunnan við hann. Vestast á hólnum er hleðsla. Hóllinn er grasi gróinn og þýfður. Kringum hann eru móar. Hleðslan er einföld, 2 x 2,5 m, og snýr í norður - suður. Steinar eru nokkuð reglulegir í köntunum en hleðslan er fallin saman og er 0,3 m djúp í miðjunni. Umhverfis hana er gróinn hóll. Helst minnir mannvirki þetta á samfallinn brunn. Hóllinn sem hleðslan er á er um það bil 0,5 m hár.



Mynd 4 Sennilega brunnur í Hestamýri [423].

Mógrafir [428] heimild

Í örnefnaskrá er sagt að Hestamýri hafi verið beutiland hrossa og sé stórþýft og að þar hafi verið mógrafir.⁴ Nú er búið að framræsa allri mýrinni og breyta í tún. Ekki sést til mógrafa.

⁴ Ö-Eyvindastaðir 1.



Mynd 5 Garður [445] horft að Tjörn

Garður [445] garðlag

Garð er að finna 15 metrum austan við íbúðarhúsið Tjörn við og í Bessastaðartjörn, hleðslurnar eru mjög greinilegar uppi á landi og þar sem það er samfella út í Tjörnina þá hlýtur um manngerðan garð að vera ræða. Garðurinn er afar áhugaverður vegna þessarar staðsetningar sinnar bæði á landi og úti í Tjörninni. Þessi garður er þar sem heitir Bakkarnir en í Örnefnaskrá segir: „Um fjöru var þurrt langt út frá Bökkunum, og var þar grafið eftir maðki, sem var notaður til beitu við fiskveiðar, og taldist góð maðkafjara til hlunninda áður fyrr. Í stórstraumsflóðum gekk sjór langt upp á Bakkana. Þar var lágvaxinn þéttur gróður, og þótti búfé hann mesta lostæti“.⁵ Hugsanlega hefur þessi garður verið til að varna því að fé færi ekki of langt niður að tjörninni. Hann er 170 m á lengd og mest 1 m á breidd.

⁵ Ö-Eyvindastaðir 1.

Garður [453] garðlag

Garður rétt sunnan við Bessastaðatjörn sem liggur upp að náttúrulegum hól [725]. Grjóthlaðinn veggur garðsins liggur 134 m í norðvestur – suðaustur upp að hól [725] og breytir þá um stefnu í norðaustur – suðvestur 20 m.



Mynd 6 Skólavegur [454], loftmyndin sýnir best varðveita hlutann af leiðinni.

Skólavegur [454] gata leið

Skólavegur lá frá Aurvallarvegi í suðaustur yfir Beitoland að Bessastöðum og hann hélt einnig áfram norðan Aurvallavegar í átt að Landakoti segir í örnefnalýsingu.⁶ Skólavegur er einnig merktur á örnefna- og staðháttaort sem Kristján Eiríksson gerði á árunum 1976-1977 eftir örnefnalýsingum frá Álftanesi. Kortið er birt í Álftaness sögu, en þar lá svokallaður Skólavegur vestan Bessastaðatjarnar, vestan við Varpið. Enn sést móta fyrir upphlöðnum vegi sem liggur austur - vestur í móanum. Hann sést á u.þ.b. 180 m löngum kafla þegar svæðið er gengið en á loftmynd er hægt að rekja hann töluvert meira. Búið er að ræsa fram svæðið sem vegurinn liggur eftir. Það er þýft og grasi gróið móasvæði. Vegurinn er allt að 5 m breiður og 0,2 m hár. Grjót er í honum víða, þó aðallega í köntum hans. Hleðslurnar eru mjög úr lagi gengnar.⁷ Ekki sjást neinar leifar af honum þegar komið er inná deiliskipulagsreitinn og heldur ekki norðan við skipulagsreitinn. Vegurinn er mjög mikilvæg heimild um skólahald á Bessastöðum og tengir Bessastaði við Eyvindastaðahverfið – Miðnesið.

⁶ Ö-Eyvindastaðir 1.

⁷ Anna Ólafsdóttir Björnsson 34.

Vörðurnar [468] heimild

Landamerki milli Eyvindastaða og Bessastaða lágu í Lambhúsveitum. Lá lína frá Grásteini, markasteinninn á Brekkugranda, og út eftir Lambhúsatjörn miðri. Í örnefnaskrá segir að þar hafi verið markavörður en þær séu nú horfnar.⁸ Nú hefur allt svæðið verið framræst og engar vörður er að sjá á vettvangi.

Girðing [702] landamerki

Leifar af girðingastæði er á milli Hestamýrar og Lambhúsaveitu. Hún hefur verið landamerkjagirðing en líka til að halda skepnum innan girðingar.

Hús – sumarbústaður [721-722-723] grunnar – hleðslur – dæld

Sumarbústaður var byggður í landi Norður-Eyvindarstaða, austan vegar. Það var timburhús. Við vettvangskráninguna voru mældar upp minjar sem eru sennilega leifar af sumarbústaðnum sem getið er um í örnefnaskrá: „Árið 1942–3 var reistur sumarbústaður í Beitilandinu, þar sem melhryggurinn er. Húsið er forskallað timburhús.“⁹ Afar ólíklegt er að þarna sé að finna eldri minjar undir en þessar tóftir eru ekki friðaðar fornleifar.

Stekkur [737] hleðslur

Í örnefnaskrá segir: „Stekkur: Svo er hóll út við Bessastaðatjörn kallaður.“¹⁰ Stekkur er merktur inn á uppdrátt Erlends Björnssonar í bókinni Sjósókn.¹¹ Þar er hann sýndur norðvestan Eyvindarstaða niðri við tjörn. Íbúðarhúsið Stekkur er niðri við Bessastaðatjörn.

Áður en Dugguósstíflan var byggð gætti sjávarfalla í Bessastaðatjörn og flæddi sjór langleiðina vestur að Norðurnesvegi. Áður fyrr voru mýrarmóar á svæðinu en nú hefur það verið framræst og þrjú íbúðarhús standa á tjarnarbakkanum: Stekkur, Asparvík og Tjörn. Enginn hóll sést niðri við Bessastaðatjörn og líklegt er að íbúðarhúsið Stekkur hafi verið reist á, eða við hólinn. Á tunganum út í Bessastaðatjörn eru leifar af hleðslu og hugsanlega eru þetta leifar af stekknunum. Íbúðarhúsið var byggt árið 1973.¹² Stekkjarleifarnar hafa ekki mikið

⁸ Örnefnaskrá GS.

⁹ Ö-Eyvindastaðir 1.

¹⁰ Ö-Eyvindastaðir 1.

¹¹ Erlendur Björnsson 35.

¹² Örnefnaskrá GS 152.

gildi enda lítið eftir af honum. Hann er talinn í hættu vegna ábúðar. Uppmælingin á þessum hleðslubrotum gefa til að kynna að veggurinn sé heill en það er hann ekki. Heldur er þetta túlkun á því hvernig suðurveggurinn hafi hugsanlega verið.



Mynd 7 Leifar af Stekk [737].

Óþekkt [727-729-731] þústir

Rétt norðan við íbúðarhúsið á Eyvindarholti og norðan við hæsnaðs [726] eru nokkrar þústir sem erfitt er að greina lögun á, þær eru manngerðar en óljóst er hvort þarna sé um mannvirki að ræða eða hvort einhverju hafi verið ýtt til þarna eða sé frá uppmokstri á skurðinum sem er austan við þær. Það er þó ólíklegt. Þúst [729] er með mesta hleðslulaginu en það er eins og móti fyrir vegg sem er 7,8 m á lengd og þykkt um 1,2 m. Þessar minjar voru afar ógreinilegar á vettvangi.

Útihús – hæsnahús [726] tóft

Á örnefna- og staðháttakorti sem Kristján Eiríksson gerði 1976-1977 eftir örnefnalýsingum¹³ má sjá hús sem er 15, 8 m langt og 6,7 m breidd og passar staðsetning þess mjög vel við minjar sem við sáum á vettvangi en vesturveggurinn var mældur upp. Samkvæmt heimildamanni þá var þarna hús fyrir hæsni. Leifar hússins sjást enn þá í dag og þá sérstaklega vestur hliðin en búið er að ýta öllu til og virðist austur veggurinn vera alveg útflattur. Ekki er vitað hvort þarna stóðu áður einhver útihús en rétt norðan við húsín eru þústir sem virðast manngerðar.



Mynd 8 Þúst [732].

Óþekkt [732-735-736] þústir

Þúst [732] er um 3 metrum sunnan við heimreiðina að Asparvík, hún er 10 m löng og er eins og inngangur sé norðan megin í mannvirknið. Rétt austan við hana eru tvær aðrar þústir [735-736]. Virðist vera meira hleðslulag á þúst [735] en [736]. Þústir [735] er um 6,4 m á lengd og um 5 á breidd. Þúst [736] er meira eins og smá hóll og er 6 m á lengd og 4 m á breidd. Það er mjög þýft þarna og var mikil gróður þegar vettvangsvinna fór fram. Það er alveg óvíst hvort þetta séu mannvirki en þetta er ekki náttúrulegt. Mikil jarðvegsvinna hefur farið fram á

¹³ Anna Ólafsdóttir Björnsson 34-35.

svæðinu, mýrar hafa verið ræstar fram, og heimreiðin til Asparvíkur er rétt hjá. Ekki er hægt að skera úr um hvort þetta séu minjar nema með rannsókn.



Mynd 9 Þúst [735], birkihríslur allt í kring og þýft.

Óþekkt [739] þúst

Upphækkanir sem virðast manngerðar. Erfitt var að greina fyrir gróðri en svo virðist sem veggir myndi skjól. Op er í austur. Lengd er 10 m og breidd 10 m.



Mynd 10 Þúst [793] við lóð Asparvíkur.

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar 19 fornleifar sem flestar tengjast skepnuhaldi, s.s. Stekkur, garðar, girðingar og nokkrar þústir sem gætu verið fornleifar. Auk þess voru yngri minjar skráðar sem ekki eru fornleifar á þremur stöðum.

Flestar fornleifanna hafa lítið varðveislugildi nema Skólavegurinn [454] en sýnilegur hluti hans er utan skipulagssvæðisins. Meintar minjar sem eru í hættu eru þústir [727-729-731] á Eyvindaholti. Einnig kunna þúst [732], 3 metrum sunnan við heimreiðina að Asparvík, og þústir [735-736] sem eru rétt austan við hana að vera í hættu en þær verða mjög nærri framkvæmdasvæði. Ekki er þó víst að allar þessar minjar séu fornleifar en skera þyrfti úr um hvort þetta séu mannvirki með fornleifarannsókn. Mikil jarðvegsvinna hefur farið fram á svæðinu og mýrar verið ræstar fram. Vel kann að vera að þústirnar tengist þeirri vinnu. Minjarnar virðast vera ungar.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

Heimildir

- Andrea Harðardóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Menningarminjar í Bessastaðahreppi (skýrsla FS226-03211). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2004.
- Anna Ólafsdóttir Björnsson. Álftaness saga. Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir. Þjóðsaga, Reykjavík, 1996.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1984. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 2. útgáfa. Kaupmannahöfn 1913-17: Hið íslenska fræðafélag.
- Erlendur Björnsson. *Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólssstöðum*. Jón Thorarensen skráði. Reykjavík, 1945.
- Guðrún Alda Gísladóttir. 2004. Deiliskráning í Bessastaðahreppi. Fornleifaskráning á völdum aðalskipulagsreitum.FS237-04031. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- Jón Johnsen. 1847. Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: Jón Johnsen, assessórt í landsyfirréttinum.

Árnastofnun – Örnefnasafn

- Örnefnaskrá GS:** Gísli Sigurðsson. 1964. *Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði: og Hraunum*.
- Ö-Eyvindastaðir:** Eyvindastaðir. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.

ANTIÐVA EHF 2018

Fornleifaskrá Holtstún

Ragnheiður Traustadóttir





Deiliskipulag Holtstúns
Fornleifaskráning Holtstúni

0 50 100 200 300 400 metrar

Loftmynd: Loftmyndir ehf.




Kort
Nr. 1

Antikva ehf.

Kortagerð: Margrét Valmundsdóttir

Skráning: Ragnheiður Traustadóttir

13. desember 2018



Deiliskipulag Holtstúns
Fornleifaskráning Holtstúni

0 50 100 200 300 400 metrar

Loftmynd: Loftmyndir ehf.




Kort
Nr. 2

Antikva ehf.

Kortagerð: Margrét Valmundsdóttir

Skráning: Ragnheiður Traustadóttir

13. desember 2018



Deiliskipulag Holtstúns
Fornleifaskráning Holtstúni

0 12.5 25 50 75 100 metrar

Loftmynd: Loftmyndir ehf.




Kort
Nr. 3

Antikva ehf.

Kortagerð: Margrét Valmundsdóttir

Skráning: Ragnheiður Traustadóttir

13. desember 2018



Fornleifar
Ekki friðaðar minjar

Deiliskipulag Holtstúns
Fornleifaskráning Holtstúni

0 12.5 25 50 75 100 metrar

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Kort
Nr. 4

Antikva ehf.


Kortagerð: Margrét Valmundsdóttir

Skráning: Ragnheiður Traustadóttir

13. desember 2018

Nr.	309	Bæjarnafn	Eyvindarstaðir	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	210
Svæði	Miðnes	Sveitafélag	Garðabær	Skráningad.	10.09.2018	Skráning	RT
Tegund	Heimld	Hlutverk	Vatnsból	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Glerhallardý	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Holtstún		


Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Já	Horfin ástæða	Framræst og vegagerð		
Leið		Umhverfi					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort		Örnefnaskrá	Ö-Eyvindastaðir 1				
Mæling	Örnefnakort Álftanes 1976	Heimildir					
Isnet E	353168,6969	GPS N	6406580				
Isnet N	404255,6209	GPS V	2200799	Minjagildi			
Ljósmyndari	Örnefnakort	Mótvægisaðgerðir					



